

Hafrar (*Avena sativa*)

Enska; Oat d. Almindelig Havre n. Havre s. Havre

Tegundalýsing og kjörlendur

Hafrar er hávaxin upprétt einær korntegund. Blómskipanin er puntur með tvö til þrjú blóm í hverju smáaxi. Í Fóðurjurtum Gísla Kristjánssonar og Ingólfs Davíðssonar er tegundinni lýst þannig; "Blöðin dálítið snörp. Blaðoddurinn snúinn til vinstri eins og tappatogaraoddur. Engar tennur við grunn grasblöðkunnar. Smáöxin í gisnum punti, drjúpandi, einkum eftir blómgun. Í golu hringlar dálítið í þurrum smáöxunum, er þau taka að þroskast, og eru þau því nefnd hafrabjöllur." Þó að hafrar séu einærir eru arfgerðum skipt upp í sumar- og vetrarafbrigði. Munurinn á þessum afbrigðum er lengd vaxtartímans sem þau þurfa til að ná fullum þroska.

Hafrar vaxa hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem þeim er sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hafrar eru fyrst og fremst ræktaðir hér á landi sem græn fóður til sláttar en einnig að litlum hluta til kornþroska. Þeim er einnig skjólsáð með sáðgresi eða ræktaðir með ertum eða flækjum sem græn fóður. Til þroska eru eingöngu ræktuð snemþroska sumarafbrigði en til græn fóðurs eru mest ræktuð vetrarafbrigði eða seinþroska sumarafbrigði. Fóðurgildi hafrakorns er heldur lægra en í byggkorni. Fóðurgildi græn fóðurhafra er afar breytilegt og ræðst nánast eingöngu af þroskastigi þeirra við nýtingu. Líkt og í öðrum grösum fellur fóðurgildið hratt eftir skrið. Hámarksgæði nást með því að nýta hafrana fyrir skrið en það er á kostnað þurrefnisuppskerunnar. Hafrar gefa örugga græn fóðuruppskeru sem er oft á bilinu 4 – 8 þurrefnistonn á ha. Kornuppskera er hins vegar ekki eins örugg en getur gefið þegar best lætur 3-4 þurrefnistonn.

Ræktunarleiðbeiningar

Hafra má rækta í margskonar jarðvegi og eru auðveldir í ræktun. Þúsund kornaþyngdin er 30 – 40 g og fullt sáðmagn er 180-200 kg á ha. Í blöndu með öðru græn fóðri eða grasfræi er oftast miðað við hálfan skammt. Æskileg sáðdýpt er 2 -4 sm og sáðbeðið á að vera vel unnið (plægt, herfað og valtað). Hafra til þroska á að sá eins snemma vors og mögulegt er (lok apríl eða byrjun maí) og í þungu landi getur verið skynsamlegt að haustplægja. Hafrar til græn fóðurs eða sem skjólsæði má sá seinna á vorinu og þá á öll jarðvinnsla fara fram sem næst sáningu. Best er að raðsá en dreifsáning er einnig möguleg. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Upplýsingar um heppilega áburðarskammta má slá upp í Handbók bænda.

